


Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Fornleifaskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis
við Grjótbú í Nesjum, Hornafirði**

Fornleifaskráning 2017

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Febrúar 2017



Mynd 1. Úr gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Rauður hringur sýnir staðsetningu fyrirhugaðs skotæfingasvæðis. Heimild: hornafjordur.is/media/skipulagsmal

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 við Grjóttbrú í landi Hóla í Nesjum (landnr.159498 - merkt A á mynd 1) var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.¹ Fyrirhuguð skipulagsbreyting felst í breytingu á landnotkun, úr landbúnaði í íþróttasvæði fyrir skotæfingar (sjá mynd 2).

Farið var á vettvang 13. desember 2016, svæðið kannað og ljósmyndað.

Heimildir og minjar

Í Byggðasögu Austur Skaftafellssýslu segir: „Hólar eru ein af stærstu jörðum í Nesjahreppi og þar munu jafnan hafa búið gildir bændur og á tímabilum valdamenn, enda Hólar í tölu höfuðbóla.”²

Árið 1697 er jarðarmat Hóla reiknað til 26 hndr og 80 álnir.³ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er landverð 16 hndr en landskuld 1 hundrað og 40 álnir.⁴ Árið 1861 er mat hennar komið niður í 15,3 hndr.⁵

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

² Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 151

³ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 153

⁴ Johnsen, 1847, bls. 2

Jarðamörk Hóla til forna voru frá vestri til austurs við landamörk Árnanes, Dilksness og Þinganes, en til fjalla í norðri liggja jarðamörkin á hreppamörkum Nesja og Lóns, milli Miðfellstinds og Skála.⁶ Árið 1951 reis nýbýlið Ártún nyrst í landi Hóla á mörkum þess við Árnanes.⁷



Mynd 2. Svæði A - staðsetning skotæfingasvæðis. Rauður rammi afmarkar deiliskipulagssvæðið. Heimild: hornafjordur.is/media/skipulagsmal

Deiliskipulagssvæðið liggur ofarlega í landi Hóla, við áður nefnda Grjótbrú, suðaustan við mynni Bergárdals undir Skálatindum (sjá myndir 1 og 2). Örnefnið Grjótbrú er tilkomið vegna steinbrúar sem lögð var í uppsprettulind – Grjótbrúarlæk (sjá P1 á mynd 3), sem rennur fram undan fjallshlíðum Skálatinda.⁸⁻⁹ Fram undir 1910 lá önnur af tveimur þjóðleiðum um Hornafjörð til Almannaskarðs meðfram fjöllum í Nesjum og gátu lækir, uppsprettur og skriður verið miklir farartálmar á þeirri leið.¹⁰

Innan skipulagssvæðisins eru minjar frá vatnsveitu Hafnarkauptúns, þegar neysluvatni úr Grjótbrúarlæk var veitt um 7 km leið til kauptúnsins (sjá P2 og P3 á mynd 3).¹¹ Frá upphafi búsetu notuðu íbúar Hafnar brunnvatn sem þótti misgott að gæðum og brunnar þornuðu upp við mikla vatnsnotkun. Vaxandi atvinnulíf og mikil fólksfjölgun í kauptúninu kallaði fljótt á bætt aðgengi að góðu og nægjanlegu neysluvatni. Árið 1946 var borað fyrir vatni innan kauptúnsins en borholurnar dugðu ekki til vegna ört stækkandi kauptúns, því varð að huga að stækkun veitunnar. Lagning vatnsveitu frá Grjótbrú hófst 1956 og 10 árum síðar var vatni úr Silungakeldum veitt í Grjótbrúarlækinn til að auka vatnsmagn til Hafnar. Dælustöðvar voru reistar á áttunda áratug en vatnsframboðið dugði skammt því fiskverkun jókst í ört stækkandi kauptúni. Upp úr 1980 hófust framkvæmdir við nýja vatnsveitu við Hólmslæk í mynni Laxárdals, norðvestan við Grjótbrú.¹² Þar með lauk vatnstöku úr áður nefndum lindum.

⁵ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 153

⁶ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 152

⁷ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 157

⁸ Bergur Jónsson, 1997, bls. 98


⁹ Ö - Hólar, 5-6

¹⁰ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 116

¹¹ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 92-93

¹² Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 93

Ekki er vitað um aðrar minjar innan eða við skipulagssvæðið samkvæmt Örnefnaskrár eða öðrum rituðum heimildum. Ofangreint landssvæði hefur á seinni árum (eftir 1980) verið raskað, m.a. vegna fiskeldis, túnaræktunar og uppbyggingu á gamla vegaslóðanum sem liggur meðfram fjallshlíðinni (sjá skýringatexta við mynd 3 og myndir 4 – 6).



Mynd 3. Afstöðumynd minja til skipulagssvæðisins við Grjótbúi. Svartur rammi afmarkar u.þ.b. deiliskipulagssvæðið. Punktur 1 sýnir staðsetningu Grjótbúar - grjóthleðslu yfir lind sem sprettur fram undan fjallshlíð Skálatinda. Upprunaleg hleðsla er talin frá 19. öld en aldur núverandi hleðslu er óviss. Punktur 2 sýnir staðsetningu dælustöðvarhúss vatnsveitunnar, reist á árunum 1970-1980 og punktur 3 sýnir leifar eftir fiskeldi (munleg heimild).

Vert er að benda á að undir hlíðum fjalla í Nesjum – frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarð eru búsvæði Tröllasmiðs (*Carabus problematicus*), eitt af stærstu skordýrum Íslands. Tegundin er frábrugðinn öðrum tegundum tröllasmiða og hefur verið skilgreind sem sérstök undirtegund (*C.p. islandicus*).¹³

Niðurstaða

Fjarlægð punktar 1 frá mörkum skipulagssvæðis eru ~ 60-70 m, en aldur hleðslunnar er óviss. Hennar er getið í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1873. Í ljósi þess að aldur þeirra minja sem liggja innan skipulagssvæðisins heyrir ekki undir lög um verndun menningarminja (P2 og P3), ætti frekari athugana ekki að vera þörf.

¹³ Náttúrufræðistofnun Íslands, á.á.



Mynd 4. Grjótbrú - grjóthleðsla yfir uppsprettulind undan Skálatindum. Horft er til norðvestur í átt til Ketillaugarfjalls, Meðalfells og mynni Bergárdals. Ljós. SGB des. 2016.



Mynd 5. Myndin sýnir grjóthleðsluna í uppsprettulindinni sem ber örnefnið Grjótbrúarlækur. Ljós. SGB des. 2016.



Mynd 6. Grjótbrúarsvæðið séð úr lofti. Rauð ör vísar á Grjótbrú en blá örin vísar á staðsetningu dæluhúss frá því vatni var veitt úr læknum til Hafnar. Drónamynd Náttúrstofu Suðausturlands, jan. 2017.

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði, síðara bindi, 1940-1975*. Hornafirði; Sveitarfélagið Hornafjörður

Bergur Jónsson (1997). Bjarnarness- og Hoffelssóknir 1873. Í Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (sáu um útgáfuna), *Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar Hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1873* (bls. 73 – 103). Reykjavík; Sögufélag.

Bjarni Bjarnason (1971). Nes. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi* (bls. 111-282). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Náttúrufræðistofnun Íslands, á.á. Sótt 22. febrúar 2017 á slóð :
<http://www.ni.is/biota/animalia/arthropoda/hexapoda/insecta/coleoptera/carabidae/trollasmidur-carabus-problematicus>

Stefán Einarsson. *Örnefnaskrá*. Heimildamaður: Hjalti Jónsson.

Sveitarfélagið Hornafjörður (2016). *Stjórnsýsla, Skipulagsmál*. Skoðað 30. janúar 2017 á
<http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Adalskipulagslysing.pdf>